

Skýrsla

55
10. júlí.

um aðalfund amtsráðs vesturamtsins 13.—15. júní 1893.

Ár 1893 hinn 13. dag júnímánaðar átti amtsráð vesturamtsins fund með sjer í Stykkishólmi. Á fundinum mætti forseti amtsráðsins, settur amtmaður Kristján yfirdómari Jónsson, og amtsráðsmennirnir Ásgeir Bjarnason, Guðm. Guðmundsson, Davíð Sch. Thorsteinsson, Sigurður Jónsson, Torfi Bjarnason og Páll Ólafsson. Úr Ísafjarðarsýslu mætti ekki amtsráðsmaður, og hafði ekki tjáð forföll.

Skrifari amtsráðsins var kosinn sjera Páll Ólafsson.

Eptirfylgjandi málefni voru tekin fyrir á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir árið 1892.
2. Forseti lagði fram reikninga yfir búnaðarsjóð og búnaðarskólasjóð vesturamtsins 1892.
3. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi 1892. Torfi Bjarnason og Páll Ólafsson tóku að sjer til endurskoðunar jafnaðarsjóðsreikninginn, Guðm. Guðmundsson og Davíð Sch. Thorsteinsson búnaðarsjóðs- og búnaðarskólasjóðsreikningana og Sigurður Jónsson amtsbókasafnsreikninginn.
4. Forseti lagði fram þessa sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikninga:
 - a. Strandasýslu 1892.
 - b. Vestur-Barðastrandarsýslu 1892.
 - c. Dalasýslu 1892.
 - d. Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 1892.
 - e. Mýrasýslu 1892.

Sýslusjóðsreikningar úr Ísafjarðarsýslu og Austur-Barðastrandarsýslu eru ókomnir til amtsins, og ákvað amtsráðið, að hlutaðeigendur skuli krafðir um þá.

Þessum reikningum var skipt milli amtsráðsmanna til endurskoðunar:

Ásgeir Bjarnason og Davíð Sch. Thorsteinsson tóku að sjer reikningana úr Stranda- og Dalasýslum, Torfi Bjarnason og Guðm. Guðmundsson reikningana úr Mýrasýslu, Sigurður Jónsson og Páll Ólafsson reikningana úr Vestur-Barðastrandarsýslu og forseti amtsráðsins og Torfi Bjarnason reikningana úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

5. Þá voru fram lagðir reikningar þeir, sem undir úrskurð amtsráðsins liggja, endurskoðaðir af hinum tilkvöddu amtsráðsmönnum. Voru þeir síðan yfir-litnir enn að nýju af amtsráðinu í heild og fannst ekkert athugavert við
 - Jafnaðarsjóðsreikning,
 - Búnaðarsjóðsreikning,
 - Búnaðarskólasjóðsreikning og
 - Reikning yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins.
6. Þar næst voru fram lagðir sýslusjóðsreikningar.

17. dag júlímán. 1893.

10. júlí.

- a. Við reikning Strandasýslu 1892 og
 - b. Vestur-Barðastrandarsýslu 1892 var ekkert að athuga.
 - c. Dalasýslu 1892. Þar sem fært er til útgjalda undir tölul. 10 bráða-
byrgðarlán til yfirsetukonu 40 kr. upp á væntanleg laun hennar, sbr. fylgi-
skjal 22, þá er sú lánveiting að álití amtsráðsins óheimil.
Það gjörir reikninginn æði flókninn að blanda inn í hann hallærislánareikn-
ingum og enn þá flóknari að teygja reikningsárið á hallærislánunum fram
til 1. apríl 1893. Þar sem borgað er inn í sýslusjóð upp í afborgun og
vexti af hallærislánnum 2178 kr. 97 au., en út úr sjóðnum 2297 kr. 61 e.,
þá verður amtsráðið að heimta skýringu af hlutaðeigandi sýslumanni um
það, hvornig á mismuninum, 118 kr. 64 a., standi. Skirteini vantar fyrir
því, hvornig standi á þeirri 1 kr., sem talin er ofborguð upp í hallæris-
lánagjöld 1891.
 - d. Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 1892. Kvittanir frá yfirsetukonum
fyrir kaupí þeirra, sem fært er til útgjalda undir stafl. c, fylgja eigi
reikningnum. Sömuleiðis vantar kvittun kjörstjórnar fyrir alþingiskosn-
ingarkostnaði, að upphæð 18 kr., sem færður er til útgjalda undir stafl.
d. — Að því er snertir reikninginn yfir þjóðvegagjaldið og vegagjörða-
kostnað athugast, að gjaldið hefur allvíða eigi verið innheimt í pening-
um, en að hreppunum hefur verið leyft að vinna það af sjer með vissri
dagsverkatölu. Var því af amtsráðinu ítrekuð áminning sú, sem það í
þessu efni gaf á fundi sínum f. á.
 - e. Mýrasýslu 1892. Við þann reikning var ekkert að athuga.
7. Amtsráðið ákvað að brýna fyrir sýslunefndum að láta bjóða upp vegaað-
gjörðir, þar sem um nokkrar verulegar vegabætur er að ræða, í öllu falli
þær, sem nema meiru en 100 kr., og að vanda úttektir vegagjörða svo
sem unnt er, og álitur æskilegast, að allar vegagjörðir í hverri sýslu sjeu
útteknar af sömu mönnum, ef því verður við komið.
 8. Forseti lagði fram eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda.
 - a. Strandasýslu, af fundi 11.—13. apríl 1893. Við það var ekkert að at-
huga.
 - b. Vestur-Barðastrandarsýslu 2. maí 1893. Í tilefni af því, að sýslunefndin
felur hreppsnefndum að láta framkvæma vegavinnu hver í sínum hrepp
fyrir ákveðna upphæð, án þess ákveðið sje, hvar vinna skal, tekur ráðið
það fram, að sýslunefndin á sjálf að ákveða, á hverjum vegaköflum vega-
vinnuna skal framkvæma í hvert sinn.
 - c. Dalasýslu, 4. maí 1893. Þar sem það er ákveðið, að gefa hreppsnefnd-
um kost á að fá það sem svarar vegabótagjaldi hvers eins hrepps til
umráða, gegn því að leggja fram helmingi meira fje til aðgjörða á sýslu-
vegum, þá álitur ráðið slíkt fyrirkomulag ekki lögum samkvæmt.
 - d. Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, 24.—25. apríl 1893. Við það var
ekkert að athuga.
 - e. Mýrasýslu, 8. maí 1893. Við það ekkert að athuga.

9. Var fram lagt, upp lesið og rætt frumvarp til reglugjörðar fyrir Stranda-**55**
sýslu um refaeyðingu, notkun upprekstrarlands, fjallskil, rjettahöld o. fl. 10. júlí.
Frumvarpið var samþykkt óbreytt, og öðlast reglugjörðin gildi 1. septemb.
þ. á.
10. Forseti skýrði frá að hann hefði samkvæmt bónarbrjefi sýslunefndar Mýra-
sýslu ásamt tillögum hlutaðeigandi sýslumanns og hjeraðslæknis samþykkt
stofnun nýs yfirsetukonu-umdæmis, er nær yfir Gilsbakka og Síðumúlasóknir.
Þessa gjörð amtmanns staðfesti amtsráðið.
11. Samkvæmt brjefi sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 15.
maí þ. á., samþykkti amtsráðið, að stofnað verði nýtt yfirsetukonu-umdæmi
fyrir Stykkishólmshrepp.
12. Amtsráðið fól forseta sínum að skora á landlækni að sjá um, að nægilegt
og gott bóluefni sje jafnan til hjá hverjum hjeraðslækni; tilefni til þessa
var sjerstaklega brjef sýslumannsins í Barðastrandarsýslu til amtsráðsins
3. maí þ. á.
13. Í tilefni af brjefi sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 15. maí
þ. á., felur amtsráðið forseta sínum að leita styrks af landssjóði til að-
gjörðar fjallveginum yfir Rauðamelsheiði.
14. Samkvæmt tillögum sýslunefndar Vestur-Barðastrandarsýslu (sbr. sýslu-
fundargjörðir þ. á.) samþykkti amtsráðið að mæla með því, að veitt verði
fje af landssjóði til vörðuhleðslu og vegaraðgjörðar á Pingmannaheiði, og
var forseta falið að rita landshöfðingja um málið.
15. Amtsráðið veitti kvennaskólanum í Reykjavík 100 kr. úr jafnaðarsjóði fyrir
yfirstandandi ár, samkvæmt beiðni forstöðunefndar skólans.
16. Með skírskotun til ákvæða amtsráðsins á fundi fyrra ár undir tölulið 10'
og að fenginni nýrri skýrslu frá hlutaðeigandi sóknarpresti, veitti amtsráðið
konunni Rósu Jónsdóttur í Eskiholti 60 kr. aukabókun fyrir kennslu
heyrnar- og málleysingjans Guðrúnar Kristjánsdóttur. Amtsráðið ljet þess
getið, að það eptir framkomnum skýrslum álitu þess naumast þörf, að senda
stúlku þessa á daufdumbra-kennslustofnun þá, sem komin er á fót í Gaul-
verjabæ.
17. Amtsráðið samþykkti samkvæmt tillögum forseta að greiða megi, ef til
kemur, allt að 320 kr. árlega úr jafnaðarsjóði Vesturamtsins með hverjum
heyrnar- og málleysingja, sem komið verður á hina innlendu kennslustofnun
daufdumbra, sem sett hefur verið á stofn í Gaulverjabæ í Árnessýslu.
18. Forseti lagði fram brjef frá stjórnarnefnd búnaðarfjelags Suðuramtsins og
þar með fylgjandi frumvarp til laga fyrir búnaðarfjelag landsins.

Fer frumvarpið fram á það, að búnaðarfjelag Suðuramtsins færi verk-
svið sitt út yfir önnur ömt landsins, og er það sett sem aðal-skilyrði fyrir
upptöku Vesturamtsins í fjelagið, að amtsráðið leggi fram í fjelagssjóð 400
kr. á ári eða afhendi höfuðstól er svari 400 króna ársvöxtum. Jafnframt
er þess getið, að sú tilslökun kunnir að fást, að eigi þurfi að leggja fram
svo mikið fje, sem aðal-skilyrðið heimtar, en þá haldi búnaðarfjelag Suður-

55
10. júlí.

amtsins eptir af sjóði sínum tiltölulegum hluta (af sjóði fjelagsins), handa Suðuramtinu einu, sem sjerstakri eign þess. Eptir að amtsráðið hafði ítarlega ihugað tillögu þessa og lagafrumvarp það, sem fylgdi henni, komst það að þeirri niðurstöðu, að varhugavert væri, eins og nú á stendur, að leggja í þessu skyni, árlegt aukagjald, er nemi 400 kr., á jafnaðarsjóð Vesturamtsins, fram yfir þau gjöld, sem nú eru, sjerstaklega þegar litið er til þess, að eptir hinu fyrirhugaða fyrirkomulagi fjelagsins er hluttaka Vesturamtsins í framkvæmdarstjórn þess eigi nægilega tryggð.

19. Þá var tekið fyrir málið um sameining búnaðarskólanna, samkvæmt brjefi landshöfðingja 31. des. 1891. Mál þetta hafði verið tekið fyrir á fundi amtsráðsins f. á. sbr. tölulið 13. og 24. í f. á. fundargjörðum, en úrslitum þá frestað. Álitsskjöl um málefni þetta eru komin frá öllum sýslunefndum í amtinu, og fara þau í aðal-efninu á þessa leið:

Sýslunefnd Strandasýslu álitur heppilegast, að búnaðarskólar sjeu 1 í hverju amti, eins og nú er.

Sýslunefnd Ísafjarðarsýslu leggur til, að skólarnir sjeu að eins 2, annar fyrir Norður- og Austuramtið en hinn fyrir Suður- og Vesturamtið.

Sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu álitur tiltækilegast að 1 búnaðarskóli sje fyrir allt landið, annaðhvort á Hvanneyri eða Hólum.

Sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu vill eigi fella niður neinn af búnaðarskólum þeim sem nú eru.

Sýslunefnd Dalasýslu vill ekki samþykkja sameiningu að svo stöddu.

Sýslunefnd Snæfellsness og Hnappadalssýslu er móttfallin sameiningu.

Sýslunefnd Mýrasýslu álitur heppilegast að hafa að eins 2 búnaðarskóla á landinu, annan fyrir Norður- og Austurland, hinn fyrir Suður- og Vesturland.

Samkvæmt þessu vill ein sýslunefnd að eins hafa einn skóla tvær vilja hafa tvo, annan fyrir Norður- og Austurland, hinn fyrir Suður- og Vesturland, en fjórar vilja halda skólunum eins og þeir eru.

Eptir ýtarlega yfirvegun og umræður komst amtsráðið að þeirri niðurstöðu, að ráða frá því að leggja niður nokkurn af þeim búnaðarskólum, sem þegar eru komnir á fót, eða sameina þá, og þykir amtsráðinu að eigi megi færri búnaðarskólar vera, en einn í hverju amti.

Þetta samþykkti amtsráðið með 5 atkv. móti 2. Þessir 2, amtsráðsmenn Mýrasýslu og Vestur-Barðastrandarsýslu, óska það bókað, að þeir vilji hafa 2 búnaðarskóla á landinu annan á Norðurlandi hinn á Suðurlandi.

20. Ákveðið var að verja fje til Ólafsdalsskólans á þessu ári þannig:

| | |
|--|--------|
| 1. Meðgjöf með 6 piltum í eldri deild, 150 kr. með hverjum | 900 » |
| 2. ——— — 6 piltum í yngri deild 250 kr. með hverjum | 1500 » |
| 3. Laun forstöðumanns | 800 » |
| 4. Laun aðstoðarkennara | 350 » |
| 5. Til verkfæraakaupa og áhalda | 100 » |

Flyt 3650 »

| | | | | |
|--|-------------|------|---|-----------|
| | Flutt | 3650 | » | 55 |
| 6. — prófdómenda | | 40 | « | 10. júlí. |
| 7. Vextir og afborgun af bankaláni | | 120 | » | |
| 8. Til bókakaupa | | 50 | « | |
| | Samtals kr. | 3860 | » | |
| og skyldi til þess ganga: | | | | |
| 1. Styrkur úr landssjóði | | 2500 | » | |
| 2. Búnaðarskólagjald | | 634 | « | |
| 3. Vextir af búnaðarskólasjóði | | 350 | » | |
| 4. — — — búnaðarsjóði | | 376 | « | |
| | Samtals kr. | 3860 | « | |

21. Þá var rædd og samþykkt eftirfylgjandi

ÁÆTLUN

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins 1894.

| | | |
|---------------------------------------|-------------|---------|
| | Tekjur: | Kr. au. |
| 1. Væntanlegar eptirstöðvar | | 1000 » |
| 2. Niðurjafnað gjald | | 2120 » |
| | Samtals kr. | 3120 » |

Gjöld:

| | | |
|--|-------------|--------|
| 1. Til bólusetninga og heilbrigðismála | 600 | « |
| 2. Kostnaður við amtsráðið | 800 | » |
| 3. Til heyrnar og málleysingja | 320 | » |
| 4. — ferðakostnaðar | 100 | » |
| 5. Ýmisleg gjöld | 300 | « |
| 6. Væntanlegar eptirstöðvar | 1000 | « |
| | Samtals kr. | 3120 » |

22. Eftir tillögu forseta var samþykkt að láta semja bókaskrá yfir amtsbókafafnið í Stykkishólmi, þar eð hin eldri bókaskrá er nú orðin úrelt, og var gengið að tilboði cand. phil. Brynjólfs Kuld um að semja skrána fyrir 20 kr. borgun fyrir örkina. — Ennfremur var því hreift, að nauðsyn væri á að semja nýja reglugjörð fyrir safnið, og fól ráðið forseta að sjá um að frumvarp verði samið og lagt fyrir næsta amtsráðsfund. Sjerstaklega ákvað ráðið að taka skyldi aptur upp þá reglu, að lána eigi bækur út af safninu nema því að eins, að lántakendur greiði árlegt gjald til safnsins, er þykir hæfilegt að sje 2 krónur.

Fleiri málefni voru ekki tekin fyrir og var fundi slitið 15. júní kl. 10 f. m.

Íslands Vesturamt, Reykjavík 10. júlí 1893.

Kristján Jónsson

settur.